



Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis  
Bt. Kristjönu Benediktsdóttur  
Alþingi  
150 Reykjavík

Reykjavík 20. nóvember 2018

**Umsögn um frumvarp til laga um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið  
(notkun fána á byggingum), 31. mál.**

Íslandsstofa hefur fengið ofangreint frumvarp til umsagnar og vill koma á framfæri  
eftirfarandi:

Aukin notkun þjóðfánans styrkir ímynd landsins og er til þess fallin að efla þjóðarvitund.

Íslandsstofa telur efni frumvarpsins því vera jákvætt og hvetur til jákvæðrar afgreiðslu  
þess.

Virðingarfyllt

Pétur Þ. Óskarsson  
framkvæmdastjóri



**Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis  
Nefndasvið Alþingis**

**Reykjavík, 22. nóvember 2018**

**Varðar: Frumvarp til laga um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerki (notkun fána á byggingum), 31. mál.**

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands (ÍSí) fagnar framkomnu frumvarpi.

ÍSí er því fylgjandi að lög um þjóðfána Íslendinga verði rýmkuð en vill þó árétta nauðsyn þess að virðing við þjóðfánann verði ekki skert, hvorki í orði né verki.

**Virðingarfyllt,  
ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS**

Líney Rut Halldórsdóttir  
framkvæmdastjóri